



H O L T A S K Ó L I

Skólanámskrá 2009 - 2010

Bekkjarnámskrá

Bekkjarnámskrá

2. bekkur

Íslenska

Íslenskukennslan í 2. bekk verður samofin allri annarri kennslu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í eftirfarandi þætti: lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hvern annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild. Lögð er áhersla á að nemandi þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla.

Lestur

Markmið:

Að nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni sem örva þá til lestrar
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- auki lestrarhraða sinn með því að vinna fjölbreytt verkefni
- lesi léttu texta með skilningi
- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort þeir geti átt í lestrarerfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi

Kennslutilhögun:

Lesskilningur, hugtök, upplestur, virk hlustun, hljóðlestur, skrift og réttiritun. Vinna með lykilorð og hugtakakort. Lestur í tímum og heimalestur.

Námsefni:

Við lesum A, Við lesum B, Davíð og fiskarnir og Bras og þras á Bunulæk ásamt vinnubókum, Sómi sjóræningi og Sæli sjóræningi. Ljósritaðir léttir textar og lestrarbækur við hæfi hvers nemanda. Ljósrituð lesskilningshefti: Lestrargaman, Lestrarleikni og Sögur af Alla Nalla.

Ítarefni:

Ljósritaðir léttir textar og lestrarbækur við hæfi hvers nemanda.

Námsmat:

Fylgst er stöðugt með framförum nemanda. Hraðlestrar- og lesskilningspróf eru tekin í lok hvernar annar. Auk þess eru lögð fyrir hraðlestrarpróf í byrjun skóla og í nóvember. Lögð eru fyrir lesskimunarverkefni til að kanna stöðu hvers og eins.

Talað mál – framsögn

Markmið:

Að nemandi

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og hlusti á umræður þeirra

- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að farið sé eftir fyrirmælum
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum endursegi og/eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng, m.a. söngva sem tengjast ólíkum árstíðum

Kennslutilhögun:

Leikræn tjáning, söngur, tónlist, umræður, þulunám, bein kennsla og hlustunarefni.

Námsefni:

Markviss málörvun í leik og starfi, ýmsir textar, sögur, ljóð, þulur og leikir.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu í kennslustundum.

Hlustun – áhorf

Markmið:

Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- skoði myndir og segi frá efni þeirra.

Kennslutilhögun:

Tjáning og hlustun.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Ritun, málfræði og skrift

Markmið:

Að nemandi

- þjálfist í fínhyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að nota þá skriftargerð sem þeim hefur verið kennd
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- lýsi hlutum og athöfnum og skrái sjálfir eða með aðstoð
- skrái sjálfir eða með aðstoð verkefni sem þeir hafa unnið í öðrum greinum
- skrái sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- fái fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um

- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig í ritun

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, heildstæð verkefni, hlustunarefni, ritun, safnfræðsla, sköpun, sögu-aðferð, tjáning og þulunám.

Námsefni:

Vinnubækur sem fylgja lestrarbókunum, Ritum saman – Græni blýanturinn. Stóra sögubókin mín, Skrift 2 og ýmis verkefni.

Námsmat:

Fylgst er stöðugt með framförum nemenda. Skriftarpróf er tekið í lok hverrar annar.

Bókmenntir**Markmið:**

Að nemandi

- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum m.a. úr heimabyggð
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs
- kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og rím
- fái tækifæri til að lesa frásagnir sem myndefni fylgir

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, heildstæð verkefni, hlustunarefni, ritun, safnfræðsla, sköpun, sögu-aðferð, tjáning og þulunám.

Námsefni:

Ýmsar bækur og kennsluverkefni.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Málfræði**Markmið:**

Að nemandi

- læri stafrófið
- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- þekki einföldustu reglur um stóran og lítin staf

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, heildstæð verkefni og ritun.

Námsefni:

Leikur að orðum, Þínulitla Ritrún, AB vinnubók, Vinnubókin mín – íslenska (ljósrit af skólavefnum), Ás, Tvistur og ýmsar ljósritaðar vinnubækur.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Ljóð**Markmið:**

Að vekja áhuga nemenda á ljóðum.

Kennslutilhögun:

Í ljóðatíma læra nemendur ljóð, skrifa þau niður og myndskreyta.

Námsefni:

Valin ljóð

Námsmat:

Fylgst er með vinnu nemenda í kennslustundum.

Stærðfræði

Fjöldi kennslustunda er að jafnaði 6 stundir á viku.

Í upphafi er stærðfræðikennsla barna byggð á hugtökum úr þeirra eigin reynslu og þekkingarheimi. Leitast er við að tengja viðfangsefnin daglegu lífi barnanna. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausn viðfangsefna er nauðsynleg því ung börn sjá oft hlutina með öðrum augum en fullorðnir.

Markmið:

Að nemandi

Stærðfræði og tungumál:

- kunni að skrá nokkuð háar tölur
- geti samið sögu um stærðfræðileg viðfangsefni
- geti tjáð sig um stærðfræði og fært rök fyrir máli sínu

Lausnir verkefna og þrauta:

- vinni með öðrum við að leysa þrautir
- læri reikniaðferðir
- kynnist stærðfræðiforritum í tölvu

Tengsl við daglegt líf og önnur svið:

- þekki íslenska peninga
- kunni að nota vog
- kunni að lesa af hitamæli
- þekki daga, vikur, mánuði og ár
- kunni á klukku, heilan og hálfan tíma

Tölur:

- geti áætlað fjölda hluta
- viti hvað slétt- og oddatala og tugir eru
- kunni að vinna með talnalínu
- kunni að nota vasareikni

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta:

- kunni helstu reikniaðgerðir s.s. að leggja saman og draga frá
- viti hvað margföldun og deiling er
- geti notað hjálpargögn s.s. kubba, talnagrind og reiknivél

Mynstur:

- geti skoðað og myndað talnamynstur
- hafi æft talnarunur

Rúmfræði:

- kynnist lögun hluta og eiginleika
- viti hvað flatarmál er
- kunni að nota reglustiku, málband og sentikubba
- viti hvað rúmmál er
- kunni að spegla

Tölfræði og líkindafræði:

- kunni að búa til töflur og einföld súlurit
- kunni að lesa úr töflum og súluritum

Kennslutilhögun:

Innlögn, umræður, verkleg vinna, æfingar, þrautalausnir, rannsóknir og tilraunir, tölvuforrit.

Námsgögn:

Sproti 2a og 2b, nemendabækur og æfingabækur.

Ítarefni:

Eining 3 og 4. Viltu reyna, Lína 3, Lína 4, Í undirdjúpunum – samlagning, Í undirdjúpunum – frádráttur, Tíu – tutugu, verkefni fyrir vasareikni 1. hefti, tölvuforrit.

Námsmat:

Símat og kannanir eftir hvern efnisþátt. Umsögn verður gefin í lok hverrar annar. Yfirlitskönnun í maí þar sem athugað er hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins.

Samfélagsfræði

Fjöldi kennslustunda eru 2 stundir á viku.

Hlutverk skólans er að halda við og styrkja forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu og leyfa þeim að takast á við verkefni sem víkka sjóndeildarhring, orðaforða, málfar og skynjun.

Markmið:

Að nemandi

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi:

- viti að hver maður er einstakur
- viti hvað fjölskylda er
- viti hvað skólasamfélag er

Skóli og heimabyggð:

- viti hvað grunnskóli er
- þekki skólahúsnæði sitt
- þekki nokkur örnefni, kennileiti og sögustaði í nágrenni skólans
- kynnist sögum og frásögnum sem tengdar eru heimabyggð

Land og þjóð:

- þekki íslenska fánann og viti fyrir hvað litir hans standa
- þekki skjaldarmerki Íslands og landvættina
- viti hvaða dagur er þjóðhátíðardagur okkar og hvers vegna
- viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr
- þekki nokkra landnámsmenn og kynnst nokkrum persónum úr Íslendingasögunum

Heimsbyggð:

- viti að það eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- viti hvað nýbúi er
- viti að það eru margs konar siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum

Tími:

- þekki árstíðirnar, vikudagana og mánuðina
- þekki mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- kunni að nota dagatal
- hafi kynnst tímahugtökum tengd árstíðum
- geti sagt frá atburðum í tímaröð

Rýni:

- geti skráð athuganir í máli og/eða myndum í sögubók
- geti skráð í dagbók

Kennslutilhögun:

Tímatal – unnið daglega með vikudaga, dagsetningar, mánaðaheiti og ártöl. Umræður og margvíslegt föndur.

Námsgögn:

Komdu og skoðuðu: Land og þjóð og Komdu og skoðuðu: Umhverfið.

Námsmat:

Símat, vinnubók, verkefni og hópavinna.

Landfræði

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

Kort og myndir:

- þekki höfuðáttirnar fjórar
- þekki hugtökin miðbaugur, norður- og suðurpóll
- geti búið til einfalt kort af nánasta umhverfi mínu

- geti farið eftir leiðbeiningum þar sem notuð eru hugtök eins
- og áfram, aftur á bak, upp, niður, vinstri og hægri.

Nánasta umhverfi:

- viti hvernig lega landsins og hafið umhverfis það hefur
- áhrif á búsetu og samskipti
- þekki mun á dreifbýli og þéttbýli.

Umheimurinn:

- viti að flest heimili eru hluti þéttbýlis sem er mismunandi
- að stærð og lögun, t.d. þorp, bæir og borgir
- hafi yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um
- himingeiminn.

Kennslutilhögun:

Umræður, verkefnavinna, einstaklingvinna og hópvinna.

Námsefni:

Kostuleg kort og gröf., Komdu og skoðaðu: Land og þjóð, Komdu og skoðaðu: Umhverfið.

Námsmat:

Símat, vinnubók, verkefni og hópavinna.

Náttúrufræði

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

Eðlisvísindi:

- hafi kynnst hvaða áhrif veður og vindar hafa
- hafi gert athuganir á skugga
- hafi gert athuganir í tengslum við hreyfingu
- hafi gert einfaldar tilraunir með stöðurafmagn

Jarðvísindi:

- hafi fræðst um sólina, tunglið og stjörnurnar
- viti hver áhrif sólarljóssins eru
- viti að dægra- og árstíðaskipti tengjast hreyfingu sólar og
- jarðar
- hafi gert veðurathuganir

Lífvísindi:

- hafi sáð fræjum og jurtum
- þekki lífríki fjörunnar
- þekki helstu dýr hafsins
- viti hvernig barn verður til
- hafi gert ýmsar athuganir á eigin líkama, s.s. hæð, stærð
- fótar og handar
- þekki helstu líffæri og starfsemi þeirra

Kennslutilhögun:

Umræður, verkefnavinna og rannsóknir.

Námsefni:

Sögurammi: Árstíðirnar, Komdu og skoðaðu umhverfið.

Námsmat:

Umsögn gefin í lok skólaárs.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

„Námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Greininni er einkum ætlað að efla trúar-, siðgæðis- og félagsþroska nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla)“.

Markmið:

Að nemandi

- þekki biblíuna
- kynnist frásögnum úr Gamla Testamentinu
- æri um fæðingu Jesú
- viti af hverju við höldum jólin hátíðleg
- viti hvað aðventa er
- kynnist frásögnum úr lífi Jesú
- kynnist frásögnum af dauða og upprisu Jesú
- hafi skoðað kristileg listaverk
- komi fram við aðra eins og þeir vilji að komið sé fram við sig

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, umræður, tjáning og sköpun.

Námsefni:

Regnboginn, Barnabiblían og ýmis verkefni.

Námsmat:

Ekkert formlegt Námsmat:.

Lífsleikni

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

- temji sér lífsleikni og jákvætt viðhorf
- efli tilfinningaþroska sinn
- auki samskiptahæfni sína
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.

Kennslutilhögun:

Umræður og verkefnavinna.

Námsefni:

- Zippý. Spor 1. Vináttuverkefni.

Námsmat:

Mælt í ánægju og virkni nemenda.

Myndmennt

Kennd er ein stund á viku allan veturinn.

Markmið:

Að börnin kynnist grunnþáttum í form og litafræði. Læri að vinna með og ganga frá verkefnum, eignum og áhöldum; geri sér grein fyrir mörgum mismunandi gerðum mynda, t.d. klippimynda, málaðra mynda og blýantsmynda.

Kennslutilhögun:

Við teiknum, málum, mótum í leir, þrykkjum, klippum; vinnum með penna, blek, tússi, tré-, vax-, vatns- og þekjulitum.

Námsmat:

Fylgst er með framförum, virkni og áhuga nemenda. Skrifleg umsögn er gefin að vori.

Upplýsinga- og tæknimennt:

Fjöldi kennslustunda er 1 stund hálfsmánaðarlega.

Ritþjálfari/bókasafn 1 stund á viku, þ.e. ritþjálfari hálfsmánaðarlega og bókasafnstími hálfsmánaðarleg.

Markmið:**Ritþjálfari:**

Nemendur

- læra rétta líkamsstöðu við vélritun.
- rifja upp heimalykla og bæta við átta stöfum (e, h, i, g, b, n, r, o).

Bókasafn:

Nemendur læra

- að umgangast bókasafn
- hvernig á að umgangast bækur
- leita að bókum
- fletta upp í bókum og leita að hlutum í þeim

Tölvur:

Nemendur læra

- rétta líkamsbeitingu við tölvur
- kveikja og slökkva á tölvum
- að skrá sig inn á tölvurnar með sínu aðgangsorði
- læri á heimasvæðið sitt
- að fara inn og út úr kennsluforritum
- að fara í kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- á Paint og Tuxpaint (teikniforrit) og að vista á réttum stað
- að opna aftur ólokið verkefni í Paint

- að ganga frá tölvum að tíma loknum
- tölvugrunn
- að nota lyklaborð í stað músar

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna ýmis verkefni í tölvustofu undir stjórn kennara.

Á bókasafni lesa nemendur og vinna ýmis verkefni undir stjórn kennara.

Námsgögn:

- Bækur á bókasafni
- Kennsluforrit
- Kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- Paint og Tuxpaint (teikniforrit): öll tól og tæki
- Tölvugrunnur
- Ritþjálfari (hjá bekkjarkennara)

Námsmat:

Fylgst er með virkni, áhuga og hegðun og mat gert í samræmi við það.

Forskóli/tónmennt

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar sér um kennslu í forskóla.

Textílmenn

Kennd er ein stund á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi læri að þræða nál, klippa út efni og sauma einföld útsaumsspor; þeir læri að ganga frá endum vinni með liti á vefjarefni og geri tilraunir með fingraprjón, skoði íslenska ull og þau áhöld sem notuð hafa verið við vinnslu hennar.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna að ýmsum verkefnum þar sem áður nefndir þættir koma fyrir.

Námsmat:

Frumkvæði, sjálfstæði og vinnubrögð nemenda er stöðugt metið, svo og umgengni og hegðun.

Hönnun og smíði

Kennd er ein stund á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemandi geti notað eigin hugmyndir til hönnunar og smíði einfaldra hluta úr auðunnum efnum.

Kennslutilhögun:

Rætt verður um hugmyndir, framsetningu þeirra og mismunandi útfærslur. Hönnun verður kynnt sem vinnuferli og undanfari smíða. Nemandinn mun hanna og smíða hlut úr auðunnu efni ásamt því að auka þekkingu sína á verkfærum og smíðastofunni.

Námsmat:

Byggt á mati kennara á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, iðni, verkfærni og vandvirkni.

Heimilisfræði

Kennd er að ein stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

- þekki fæðuhringinn
- viti mikilvægi þess að borða úr öllum fæðuflokkum daglega
- viti gildi góðrar tannhirðu

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna saman við að útbúa auðvelda rétti og baka. Áhersla lögð á morgunverð, smyrja brauð. Mikilvægi ávaxta og grænmetis sem skólanesti . Áhersla er lögð á Að nemandi vinni saman.

Námsefni:

Hollt og gott 1; Heimilisfræði fyrir 2. bekk.

Ítarefni:

Farið verður í vettvangsferð til tannlæknis.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu í tímum. Umsögn gefin fyrir vinnubók og frammistöðu að vori.

Íþróttir, líkams- og heilsurækt

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að efla líkamlegan þroska, heilbrigði og þrek einnig þol, kraft og liðleika. Að taka þátt í einföldum æfingum og leikjum til þess að efla samspil skynfæra og útfærslu hreyfinga. Að fara eftir settum reglum og taka tillit til annarra til þess að venjast aga og auka samskipti. Að upplifa skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Að taka þátt í leikjum sem efla sjálfstraust , viljastyrk og áræðni.

Kennslutilhögun:

Nemandi mun leysa af hendi ýmsar æfingar sem henta hans þroskastigi. Nemandi þjálfist áfram í grunnhreyfingum og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman s.s. að hlaupa og stökkva, kollhnís áfram og upphopp. Nemandi taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, staðarleitarleikjum, feluleikjum og bolta- og hittnileikjum. Einnig að nemandi kynnist aðstæðum sem veita spennu, ögrun og óvissu á leikrænan hátt. Nem. þjálfist í að vinna með magn og afstöðuhugtök eins og fleiri-færri, lengri-styttri, hægri-vinstri og undir- yfir. Leikfimi er oftast innan húss, nema úti stöku sinnum á haustin og á vorin.

Námsmat:

Fylgst er með mætingum nemenda og frammistöðu í tímum og fá matsblað í lok ársins. Nemendur eru hvattir til að neyta holls mataræðis.

Skólasund

Kenndar eru tvær stundir á viku.

Markmið:

Að nemandi bæti við grunnfærni sína í bringu, skólabak- og skriðsundi. Að nemandi þjálfist í samvinnu milli handa- og fótahreyfinga.

Kennslutilhögun:

Nemandi skal: tileinka sér samþættingu fjölbreyttra hreyfinga, s.s. að beygja hné og kreppa ökkla og spyrna sér frá bakka. Ná tökum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga s.s. 10m bringusund með eða án hjálpartækja, 10m skólabaksunds fótatök með eða án hjálpartækja, 8m skriðsunds fótatök með eða án hjálpartækja. Nemandi mun tileinka sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við. Nemandi tileinki sér hreinlæti fyrir og eftir sund með því að mæta í sundkennslu með hrein sundföt og að fara eftir bað- og umgengisreglum sundstaðar.

Námsmat:

Sundpróf eru ekki tekin í 2. bekk en fylgst er með því Að nemandi mæti vel og athugað að hvort þeir standist annað stig í sundi. Sundstig er hægt að nálgast á Mentor.